

Sp. 181. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um gæðamat iðnaðarvara.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt hægt sé að tryggja gæðamat iðnaðarvara, innlendra og erlendra, sem seldar eru hér á landi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur talsvert borið á því, að óvandaðar iðnaðarvörur, innlendar og erlendar, væru hér til sölu, og veldur vöruskorturinn því, að fólk neyðist til þess að kaupa slíkar vörur, þar sem sjaldnast er um neitt að velja. Nú er ekkert gæðamat á iðnaðarvörum né eftirlit með því, hvort þær fullnægja þeim kröfum, sem ætla mætti, að kaupandinn geri um notagildi þeirra og endingu, en nauðsynlegt er, að eitthvað sé gert til þess að fá slíkt eftirlit.

Hér er aðeins gert ráð fyrir rannsókn á því, hvernig hægt sé að tryggja gæðamat, og mundi sú rannsókn sýna, hvort gæðamat hefur mjög mikinn kostnað í för með sér, en vitað er, að það er þjóðinni dýrt, bæði í heild og einstaklingum hennar, að kaupa og nota óvandaðar vörur.